

1872.

4. maí.

þá er hann kann að vilja sigla til annars verzlunarstaðar, þaðan sem hann sýndi fyrst skipskjöl sín og sagði til farms, skriflegt vottorð um, að brennivín það, sem hann hefir á skipi, sé flutt út til Íslands fyrir 1. dag júlím. þ. á.

4. maí.

52. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þingstað í Kverkárhelli.

Með bréfi, dagsettu 23. febr. þ. á., hafð þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskjal nokkurt með álitum hlutaðeiganda sýslumanns, þar sem hreppstjórnir í Vestur-Eyjafjallahrepp samkvæmt ósk margra hreppsbúa sækja um, að hafa megi þingstaðinn í hinum svo nefnda Kverkárhelli í Seljalandsmúla, í stað þess að byggt verði þinghús á jörðunni Hvammi, einsog ákveðið var í bréfi dómsmálastjórnarinnar 9. marz 1869¹, sem leyfði að skipta Eyjafjallahrepp í tvo hreppa; hafð þér getið þess, að Kverkárhelli liggi eins vel við fyrir hreppsbúa, og Hvammur, og að ætla megi, að úr hellinum verði gjörður þingstaður með langtum minni kostnaði, og hafð þér því lagt það til, að það leyfist, sem sókt er um, með því skilyrði, að hellirinn með umsjón sýslumanns og á kostnað hreppsins verði gjörður að þokkalegu og rúmgóðu þinghúsi, með því að þilja hann og búa til á honum glugga, o. s. frv.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að stjórnarráðið veitir leyfi það, sem sókt er um.

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, I., 605.